

Lög

um breyting á tilskipun 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Að Vjer, samkvæmt 3. gr. laga 30. nóvbr. 1914 um breytingu á lögum nr. 86, 22. nóvbr. 1907, höfum látið færa viðauka þá og breytingar, sem ákveðnar eru í fyrnefndum lögum 30. nóvbr. 1914, sbr. lög 2. nóvbr. 1914 um breyting á 6. gr. í lögum nr. 86, 22. nóvbr. 1907 um breyting á tilskipun 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í Reykjavík, inn í meginmál laganna frá 22. nóvbr. 1907 og gefum þau hjermeð út sem

Lög

um breyting á tilskipun 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík.

Í staðinn fyrir 1. gr., 4. gr., 5. gr., 6. gr., 12. gr. 1. málslið, 18. gr. 1. málslið, 20. gr., 23. gr. 1. málsgrein tilskipunar 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík, komi svo hljóðandi greinar:

1. gr.

(1. gr. tilskipunarinnar).

Málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af bæjarstjórn; í henni eru kosnir bæjarfulltrúar, auk borgarstjóra. Bæjarstjórnin kys sjer forseta úr flokki bæjarfulltrúanna.

Borgarstjóri skal kosinn af atkvæðisbærum borgurum kaupstaðarins til 6 ára í senn, enda hafi að minsta kosti 50 kjósendur mælt með kosningu hans. Stjórnarráðið setur nánari reglur um kosningu eftir tillögum bæjarstjórnar. Borgarstjóri hefir 4500 kr. á ári að launum og 1500 kr. í skrifstofufje, og greiðist hvorttveggja úr bæjarsjóði.

2. gr.

(4. gr. tilskipunarinnar).

Bæjarfulltrúarnir skulu vera 15 að tölu, og kosnir af þeim bæjarbúum, sem kosningarrjett hafa eftir lögum þessum.

3. gr.

(5. gr. tilskipunarinnar).

Kosningarrjett hafa allir bæjarbúar, karlar og konur, sem eru 25 ára að aldri þegar kosning fer fram, hafa átt lögheimili í bænum 1 ár, hafa óflekkað mannorð, eru fjár síns ráðandi, eru ekki öðrum háðir sem hjú og standa eigi í skuld fyrir sveitarstyrk — ef þeir greiða skattgjald til bæjarsjóðs. Konur kjósenda hafa kosningarrjett, þó þær sjeu eigi fjár síns ráðandi vegna hjónabandsins og þótt þær eigi greiði sjerstaklega gjald í bæjarsjóð, ef þær að öðru leyti uppfylla áðurgreind skilyrði fyrir kosningarrjetti.

Kjörgengur er hver sá, er kosningarrjett hefur. Þó mega hjón aldrei sitja samtímis í bæjarstjórn, heldur eigi foreldrar og börn, nje móðurforeldrar, eða föðurforeldrar og barnabörn þeirra. Heimilt er og konum jafnan að skorast undan kosningu.

4. gr.

(6. gr. tilskipunarinnar).

Í janúarmánuði 1908 skal kjósa fulla tölu bæjarfulltrúa. Gömlu bæjarfulltrúarnir fara jafnframt frá, en þá má endurkjósa. Af þeim bæjarfulltrúum, er þá verða kosnir, fer einn þriðjungur frá eftir hlutkesti eftir 2 ár, annar þriðjungur eftir 4 ár, sömu-

leiðis eftir hlutkesti, og hinn síðasti þriðjungurinn eftir 6 ár. Í stað þeirra fulltrúa, er úr bæjarstjórninni ganga í hvert skifti, skal þegar kjósa jafn marga í hana til 6 ára. Á þennan hátt fer svo jafnan síðan einn þriðjungur hinna kjörnu bæjarfulltrúa frá annaðhvort ár og nýir bæjarfulltrúar kosnir í staðinn. Kosningar í bæjarstjórn fara jafnan fram í janúar.

5. gr.

(12. gr. 1. liður tilskipunarinnar).

Virðist borgarstjóra að ákvörðun bæjarstjórnarinnar gangi út fyrir vald bæjarstjórnarinnar, eða að hún sje gagnstæð lögum eða skaðleg fyrir kaupstaðinn, eða hún miði til að færast undan skyldum þeim, er á kaupstaðnum hvíla, má hann fella ályktunina úr gildi að sinni með því að rita atkvæði sitt í gjörðabókina.

6. gr.

(18. gr. 1. málsgrein tilskipunarinnar).

Innan loka nóvembermánaðar ár hvert, skal samin áætlun um tekjur og gjöld kaupstaðarins fyrir hið næsta ár, samkvæmt fyrirmynd, er stjórnarráðið hefir samþykkt, og skal henni fylgja yfirlit yfir afgang og halla í einstökum liðum síðasta reiknings. Í áætluninni skal talin sem sjerstakur tekjuliður jafnmikil upphæð eins og tekjuafgangur sá nam, er orðið hefir á reikningi bæjarins næsta ár áður. Einnig skal taka í áætlunina sem sjerstakan gjaldalið jafn mikla upphæð eins og tekjuhalli sá nam, er orðið hefir á reikningi bæjarins næsta ár áður en áætlunin var samin, nema tekjuhallinn stafir af kostnaði, sem upphaflega var ákveðið að greiða skyldi með lánsfje. Skal áætlun þessi rædd í bæjarstjórninni á tveimur fundum með hálfis mánaðar millibili. Við aðra umræðu skal bæjarstjórnin íhuga áætlunina grein fyrir grein út af fyrir sig, og skal áætlunin í þeirri mynd, sem bæjarstjórnin þá samþykkir hana, vera regla, sem farið verður eftir, fyrir upphæð bæjargjalda og fjárstjórn næsta árs, án þess að æðra samþykkis þurfi við, nema í því tilfelli, sem getið er um í 19. gr. bæjarstjórnartilskipunarinnar. Áætlun þessa skal leggja til sýnis á bæjarþingsstofunni, eða öðrum hentugum stað, eigi skemur en 14 daga í desembermánuði ár hvert.

7. gr.

(20. gr. tilskipunarinnar).

Niðurjöfnunarnefnd skal jafna niður gjöldum eftir efnun og ástæðum. Í nefndinni skulu vera 11, 13 eða 15 menn, eftir því sem bæjarstjórnin ákveður. Nefndin skal kosin í nóvembermánuði. Kosningarrjett og kjörgengi til nefndarinnar hafa þeir bæjarbúar, sem kosningarrjett og kjörgengi hafa til bæjarstjórnarinnar, og skal kosningin fara fram og henni hagað á sama hátt og eftir sömu reglum eins og kosningu til bæjarstjórnar. Nefndarmenn skulu kosnir til 6 ára, fer minni hlutinn (5, 6 eða 7) frá eftir 3 ár og skal það ákveðið með hlutkesti, hverjir nefndarmenn skuli frá fara; en meiri hlutinn (6, 7 eða 8) fer frá eftir 6 ár, og þar á eftir fer minni og meiri hlutinn frá, til skiptis, á þriggja ára fresti.

8. gr.

(23. gr. 1. málsgrein tilskipunarinnar).

Niðurjöfnunarnefndin skal jafna niður hinum árlegu gjöldum í febrúarmánuði ár hvert fyrir það ár, er þá stendur yfir. Skrá yfir niðurjöfnunina skal liggja til sýnis á bæjarþingsstofunni, eða öðrum hentugum stað, eigi skemur en 14 daga í marzmánuði ár hvert. Bæjarstjórnin má ákveða, að aukaniðurjöfnun skuli fram fara í síðari hluta septembermánaðar ár hvert, og skulu skattar þá lagðir á þá, sem flutt hafa sig til kaupstaðarins, eftir að aðalniðurjöfnunin fór fram, og skyldir eru til að greiða skatt. Þessi aukaniðurjöfnun skal liggja öllum til sýnis í 14 daga, eins og að framan er sagt.

Nr. 49.
30.
nóvbr.

9. gr.

Heimilt er niðurjöfnunarnefnd að krefjast þess, að borgarar bæjarins sendi henni á þar til gjörðum eyðublöðum skýrslu um árstekjur sínar og aðrar upplýsingar um efni þeirra og ástæður. Skyld er nefndinni, að halda þessum upplýsingum leyndum.

Hver borgari bæjarins getur heimtað, að hann sje tekinn upp á niðurjöfnunarskrá.

[Í lögum 22. nóvbr. 1907 um breyting á tilskipun 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í Reykjavík var 10. gr. svohljóðandi: 2., 3. og 4. gr. laga þessara koma í gildi 1. janúar 1908. Að öðru leyti fá þau gildi 1. júlí s. á.]

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 30. nóvember 1914.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sig. Eggerz.

Nr. 50.
30.
nóvbr.

L ö g

um breytingu á lögum um skrásetning skipa frá 13. desbr. 1895.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guð náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Aftan við síðustu málsgrein í 2. gr. laga um skrásetning skipa frá 13. desbr. 1895 bætast orðin:

eða þá, að því er snertir landhelgina, íslenskan fána, sem ákveðinn verður með konungsúrskurði.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 30. nóvember 1914.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sig. Eggerz.